

Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd launamanna Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir fulltrúum til að taka sæti í stjórn sjóðsins kjörtímabilin 2018-2019 og 2018-2020. Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.8) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspeglí fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kýs two stjórnarmenn til tveggja ára og two til eins árs auk eins varamanns til tveggja ára og eins til eins árs í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn umsókn ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi og starfsferilskrá á netfangið valnefnd@birta.is fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 20. febrúar 2018.

Þeir sem gefa kost á sér skulu

- vera launamenn sem greiða iðgjald í Birtu lífeyrissjóð.
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einyrkjar.
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og verklagsreglum valnefndar.
- skila inn með umsókn útfylltu umboði sem veitir valnefnd launamanna Birtu lífeyrissjóðs, eða þeim aðila sem starfar í umboði hennar, heimild til að afla úr fjárhagskerfum fjárhagslegra upplýsinga og annarra opinberra upplýsinga í tengslum við mat á hæfi til setu í stjórn sjóðsins.

Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið og um sjóðinn má finna á vefnum birta.is.

Á sama stað er eyðublað til útfyllingar vegna umboðs til þess að afla fjárhagsupplýsinga um frambjóðendur.

Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins. Hann varð til við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 1. desember 2016.